

Síðan voru eftir tilvísun mætta eftirtaldir munir skrifaðir upp og virtir þannig:

1 útvarpstæki kr. 250.00. Fleira ekki til.

Lýsti fógeti þá yfir því, að hann gerði lögtak í ofangreindum eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri útsvarsskuld auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, allt að geymdum betra rétti sérhvers þriðja manns.

Brýndi fógeti þá fyrir gerðarþola, að eigi mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn hátt, er færi í bág við gerð þessa, að viðlagðri hegningarábyrgð.

Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið.

Föstudaginn 31. marz 1950.

Nr. 150/1949. **Ákærvaldið** (Kristján Guðlaugsson)

gegn

Skarphéðni Jónssyni (Hermann Jónsson).

Ólögleg áfengissala.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitnin Sigurður Breiðfjörð Þorbjörnsson og Ásmundur Magnússon komið fyrir dóm og skýrt frá því, að þeir hafi fullvissað sig um, að bifreið sú, sem í máli þessu greinir, hafi verið merkt einkennistölunni R 3455. Kveðast vitnin hafa ritað upp einkennistölu bifreiðarinnar, þegar er þeir höfðu keypt áfengisflöskuna af bifreiðarstjóranum. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms um aðdraganda og atvik að áfengiskaupunum þykir mega staðfesta hann.

Samkvæmt þessu ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Skarphéðinn Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Hermanns Jónssonar, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 20. desember 1948.

Ár 1948, mánudaginn 20. desember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Loga Einarssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5964/1948: Valdstjórnin gegn Skarphéðni Jónssyni, sem tekið var til dóms hinn 24. nóvember s. á.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Skarphéðni Jónssyni bifreiðarstjóra, til heimilis að Stórholti 45, hér í bæ, til refsingar og málskostnaðargreiðslu fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Ákærði er kominn yfir löggaldur sakamanna, fæddur 16. febrúar 1907 að Þingvöllum, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

- 1929 9/7 Sátt: sekt 40 kr. fyrir brot á bifreiðalögnum.
- 1931 9/1 Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.
- 1931 23/5 Sátt: sekt 5 kr. fyrir brot á samþykkt um bifreiðastæði.
- 1931 27/9 Áminning fyrir sams konar brot.
- 1938 28/3 Sátt: 20 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
- 1938 30/9 Sátt: 40 kr. sekt fyrir ógætilegan og of hraðan akstur.
- 1938 2/11 Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.
- 1939 6/11 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 20 mánaða betrunarhúsvinna fyrir þjófnað og svik.
- 1945 12/9 Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot gegn 18. gr. áfengislaganna og 7. og 4. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1946 10/3 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1948 16/3 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 1500 kr. sekt fyrir brot gegn 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaganna. (Mál nr. 1394/48).

Skal nú greint frá málavöxtum samkvæmt því, sem upplýst er í máli þessu:

Sunnudagskvöldið 19. september s. l. kveðast vitnin Sigurður Breiðfjörð Þorbjörnsson sjómaður, til heimilis að Ægissíðu 109 hér í bæ, og Ásmundur Magnússon verkamaður, Óðinsgötu 32, sem bæði hafa unnið eið að framburðum sínum, hafa keypt eina flösku af brennivíni fyrir kr. 90.00 að þeim báðum ásjáandi af bifreiðarstjóranum á bifreiðinni R 3455, sem upplýst er, að ákærði hafi ekið umrætt kvöld. Bæði segja vitnin, að tveir

piltar hafi setið í aftursæti bifreiðarinnar og tekið áfengisflöskuna úr því eftir beiðni bifreiðarstjórans, sem þau könnuðust þó eigi við, er samprófun kærða og vitna fór fram hér í réttinum.

Kærði hefur eindregið neitað því að hafa selt vitnunum áfengi, enda kannast hann ekki við þau, og ekki selt áfengi, eftir að hann tók að aka greindri bifreið.

Þrátt fyrir neitun kærða á nefndri áfengissölu er talið sannað, að hann hafi í nefnt skipti selt framangreindum vitnum eina flösku af brennivíni, enda hefur hann áður gerzt sekur um áfengissölu og vitað er, að hún hefur í stórum stíl farið fram meðal bifreiðarstjóra.

Þykir kærði því hafa gerzt brotlegur við 15. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935. Samkvæmt 33. gr. nefndra laga og með hliðsjón af lögum nr. 14 8. marz 1948 um ákvörðun fésekta þykir refsing hans hæfilega ákveðin 5000.00 króna sekt til Menningarsjóðs. Afplánist hún með varðhaldi í 70 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, héraðsdómslögmanns Gunnars Jónssonar, kr. 200.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Skarphéðinn Jónsson, greiði 5000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, er afplánist með varðhaldi í 70 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, héraðsdómslögmanns Gunnars Jónssonar, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. apríl 1950.

Nr. 2/1950.

Guðlaugur Ásgeirsson (sjálfur)
gegn

Hannesi Ágústssyni og gagnsök
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar þ. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði dóm-